

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Baugs Group hf.

1. gr.

Stofnaðild ofl.

Styrktarsjóður Baugs Group hf., í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Baugi Group hf., kt. 480798-2289, Túngötu 6, 101 Reykjavík. Hann starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið.

Markmið með stofnun sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum. Skal það gert m.a. með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn. Markmiðum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum, svo sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum tilnefndum af stjórn Baugs Group hf., þar af skal einn vera formaður. Stjórnin skal skipuð til eins árs í senn og skal skipunartími miðast við 1. júlí ár hvert. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988, en er heimilt að fela framangreint forstöðumanni á fjármálasviði Baugs Group hf. Hann, eða starfsmaður á fjármálasviði Baugs Group hf. tilnefndur af stjórn sjóðsins, skal enn fremur sitja fundi stjórnar sjóðsins og annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almanaksár.

4. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 100.000.000, eitt hundrað milljónir, þar af er óskerðanlegt stofnfé kr. 621.000, sex hundruð tuttugu og eitt þúsund.

Stofnfé skal greiddast inn á fjárvörslureikning hjá viðurkenndri bankastofnun á Íslandi.

5. gr.

Frekari framlög.

Stofnandi skuldbindur sig til að leggja sjóðnum til frekari framlög árin 2006 og 2007, þannig að hinn 1. júlí árið 2006 leggur stofnandi sjóðnum til kr. 100.000.000, eitt hundrað milljónir og hinn 1. júlí árið 2007 leggur stofnandi sjóðnum til kr. 100.000.000, eitt hundrað milljónir.

Sjóðurinn skal taka á móti öllum frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnaðila eða öðrum sem vilja veita málefnum hans brautargengi.

6. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt umsóknum. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa fjármagni að eigin frumkvæði til málefna er vakið hafa athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

7. gr.

Ávöxtun fjár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti.

8. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Sé tekin ákvörðun um að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja niður sjóðinn skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra. Sé tekin ákvörðun um að leggja niður sjóðinn skal andvirði hans ráðstafað í samræmi við markmið.

9. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Bryndís Helgadóttir.